

Mars 2026



Hringvegur um Vestfirði

Minnisblað starfshóps innviðaráðherra

Stjórnarráð Íslands
Innviðaráðuneytið



Útgefandi:

Innviðaráðuneytið

Hringvegur um Vestfirði

Mars 2026

irn@irn.is

Stjornarradid.is

Umbrot og textavinnsla:

Innviðaráðuneytið

©2026 Innviðaráðuneytið

ISBN 978-9935-494-66-5

Efnisyfirlit

1. Inngangur	4
2. Vegnúmer á Íslandi	5
3. Hringvegur 2.....	6
4. Greining og sjónarmið.....	8
4.1 Greining á kostum.....	8
4.1.1 Byggðastefna og efnahagur.....	8
4.1.2 Samgönguöryggi og þjónusta.....	8
4.2 Greining á áskorunum.....	8
4.2.1 Beinn kostnaður og tæknileg atriði	8
4.2.2 Skipulagslegar áskoranir.....	9
4.3 Sjónarmið	9
4.4 Valkostir.....	10
4.5 Samanburður valkosta.....	10
5. Niðurstaða og tillaga.....	12
5.1 Tillaga starfshópsins.....	12

1. Inngangur

Innviðaráðherra skipaði starfshóp um „Hringveg 2“, hringveg um Vestfirði, 10. september 2025. Í skipunarbréfi kom fram að hlutverk hópsins væri að kanna kosti og galla þess að skilgreina vegi um Vestfirði (nr. 60, 61, 62, 63 og 68) sem hringveg sem fengi vegnúmerið 2. Starfshópurinn var þannig skipaður:

- Valtýr Þórisson, formaður, tilnefndur af Vegagerðinni
- Valgerður Gréta Benediktsdóttir, innviðaráðuneyti
- Hólmfríður Sveinsdóttir, innviðaráðuneyti
- Sigríður Ólöf Kristjánsdóttir, tilnefnd af Fjórðungssambandi Vestfirðinga
- Jón Árnason, tilnefndur af Fjórðungssambandi Vestfirðinga

Starfshópurinn kom saman til fyrsta fundar 11. nóvember 2025 og hélt samtals fimm fundi. Hópurinn átti fundi með sérfræðingum hjá Vegagerðinni og sviðsstjóra Markaðsstofu Vestfjarða hjá Vestfjarðastofu.

Í þessu minnisblaði er leitast við að greina kosti, galla og mismundi sjónarmið og tveir mismunandi valkostir bornir saman. Að lokum eru settar fram niðurstöður og tillaga starfshópsins.

Bakgrunnur og tilefni

Starfshópurinn er skipaður með vísan í [tillögu nefndar forsætisráðherra um málefni Stranda frá ágúst 2024](#), sem birtar voru í apríl 2025.¹ Ein af tillögum nefndarinnar var að innviðaráðherra skipi starfshóp um Hringveg 2, hringveg um Vestfirði. Markmiðið með aðgerðinni væri að skapa atvinnutækifæri, m.a. fyrir ferðapjónustu og íbúa á Vestfjörðum, og að bæta vetrarpjónustu og viðhald vega. Í lýsingu á aðgerðinni segir að starfshópurinn hefði það hlutverk að kanna kosti og galla þess að skilgreina vegina um Vestfirði (nr. 60, 61, 62, 63 og 68) sem hringveg sem fengi vegnúmerið 2. Vegurinn fengi þar með aukið vægi þegar kemur að vetrarpjónustu og viðhaldi vega sem er mikilvægt fyrir íbúa og atvinnulíf á svæðinu, ekki síst útflutningsgreinar og ferðapjónustu.

Í september 2025 skipaði innviðaráðherra starfshóp undir forystu Vegagerðarinnar til að kanna fýsileika þess að innleiða vegnúmerið 2 fyrir Vestfjarðahringinn. Aðgerðin hefur einnig verið tekin upp í kynningartillögu Svæðisskipulags Vestfjarða 2025-2050 sem öll sveitarfélög á Vestfjörðum standa að og birt var í Skipulagsgátt í febrúar 2026.²

¹ <https://www.stjornarradid.is/efst-a-baugi/frettir/stok-frett/2025/04/16/Tillogur-nefndar-um-malefni-Stranda-birtar/>

² <https://skipulagsgatt.is/files/75ef8a80-b51e-4916-acb0-3836a5140308>

2. Vegnúmer á Íslandi

Vegnúmer eru sérstök númer sem auðkenna vegi. Þau eru notuð til að flokka vegi eftir mikilvægi, hjálpa vegfarendum að rata og aðgreina vegi í sundur, hvort sem það er vegna skipulags eða til þess að auðveldara sé að miða út tiltekinn veg í samanburði við annan.

Íslenska vegnúmerakerfið á rætur sínar að rekja til ársins 1972 og hefur í megindráttum haldist óbreytt síðan þá. Kerfið byggist á því að aðalvegurinn um landið er númer 1 (Hringvegurinn). Síðan eru átta númerasvæði sem liggja hringinn í kringum landið réttsælis frá Skeiðarársandi á Suðurlandi að Austurlandi. Fyrsti stafur númera á hverju svæði er alltaf sá sami og byrja þau á 2-9. Síðan er fjöldi tölustafanna í númerinu ákvarðaður af hversu mikilvægur vegurinn er. Hringvegurinn er eini vegurinn með einn tölustaf, tveir tölustafir tákna helstu aðalvegi og þrír tölustafir tákna aðra helstu vegi innan hvers svæðis. Vegir sem liggja um fjöll og hálendi, fá F merkingu fyrir framan vegnúmer, teljist þeir ófærir fólksbílum. Síðustu 25 árin hafa einnig bæst við fjögurra stafa númer sem auðkenna fremur stutta og þýðingarminni vegi og þau númer eru sjaldnast gerð opinber og birtast að jafnaði ekki á vegvísunum.

Hringvegurinn, sem í daglegu tali er oft nefndur Þjóðvegur 1, er vegur sem liggur um Ísland og tengir saman þéttbýlisstaði og byggðalög á Vestur-, Norður-, Austur- og Suðurlandi. Vegurinn er samtals 1.321 km á lengd. Hringurinn var kláraður árið 1974 þegar Skeiðarárbrú var tekin í notkun.

Megintilgangur Hringvegarins er að tengja saman landshluta í eina samfellda heild með einum aðalvegi. Hlutverk hans er að tryggja grunnsamgöngur íbúa, ferðafólks, vöruflutninga og þjónustu milli landshluta. Hringvegurinn á að vera burðarás atvinnulífs með flutningi fólks og farms.

Vestfirðir eru ekki hluti af Hringveginum. Núverandi vegnúmerakerfi skilgreinir Hringveginn sem eina veginn með einum tölustaf. Þegar þessu kerfi var komið á árið 1972 var ástand vega á Vestfjörðum allt annað og mun verra en það er í dag. Hugmyndinni um Hringveg 2 er ætlað að breyta þessari stöðu og lyfta svæðinu í forgangs röðun ríkisins.

3. Hringvegur 2

Samkvæmt skipunarbréfi starfshópsins á að skoða kosti og galla þess að skilgreina vegi með vegnúmerin 60, 61, 62, 63 og 68 sem hringveg sem fengi vegnúmerið 2.

Vegur 60, núverandi Vestfjarðavegur, liggur milli Hringvegarins (1) í Norðurárdal í Borgarfirði og Ísafjarðar og fer m.a. um Bröttubrekku, Gufudalssveit og Dynjandisheiði.

Vegur 61, Djúpvegur, liggur milli Reykhólasveitar og Bolungarvíkur, yfir Þröskulda, um Hólmavík, Steingrímsfjarðarheiði og Ísafjarðardjúp.

Vegur 62, Barðastrandarvegur, liggur milli Flókalundar og Patreksfjarðar.

Vegur 63, Bíldudalsvegur liggur milli Patreksfjarðar og Dynjandisheiðar um Tálknafjörð og Bíldadal.

Vegur 68, Innstrandavegur, liggur milli Staðarskála í Hrútafirði og Steingrímsfjarðar. Allir þessir vegir sem taldir hafa verið upp hér eru stofnvegir.

Hringvegur 2 myndi tengjast Hringvegi 1 á tveimur stöðum:

- Við Dalsmynni í Borgarfirði (Vegur 60)
- Við Staðarskála í Hrútafirði (Vegur 68)



Hringvegur 2, á grunni stofnvega nr. 60, 61, 62, 63 og 68, myndi tengja Vestfirði við aðra landshluta og gegna lykilhlutverki í samgöngum á þjónustu- og vinnusóknarsvæðum fjórðungsins. Þessi leið liggur að byggðakjörnum Ísafirði, Patreksfirði, Bíldadal og Hólmavík.

Lykilleiðir sem tengja aðra byggðakjarna við Hringveg 2 eru 607 Reykhólasveitarvegur, 617 Tálknafjarðarvegur, 622 Þingeyrarvegur, 64 Flateyrarvegur, 65 Súgandafjarðarvegur, 61 Djúpvegur við Bolungarvík og 643 Strandavegur.

Mikilvægt er að tryggja að á þessum leiðum væri aukið og samræmt þjónustustig og að ráðist yrði í nauðsynlegar úrbætur á vegakerfinu. Af lykilleiðunum hefur Strandavegur þá sérstöðu að tengja Hvalárvirkjun sem ásamt flutningskerfi verður lykilþáttur í framtíðar raforkuöryggi á Vestfjörðum.

4. Greining og sjónarmið

Í þessum kafla er gerð grein fyrir helstu kostum og áskorunum sem breytingar á vegnúmerum gætu haft í för með sér og rakin mismunandi sjónarmið. Þá eru settir fram tveir valkostir og mat lagt á þá.

4.1 Greining á kostum

4.1.1 Byggðastefna og efnahagur

- **Jöfn staða byggða og samkeppnishæfni:** Skilgreining leiðar um Vestfirði sem aðalæðar um landið myndi jafna stöðu landshlutans gagnvart öðrum landshlutum.
- **Styrking byggða:** Með því að skilgreina leiðina sem aðalæð (Hringveg 2) yrðu þéttbýlisstaðir eins og Ísafjörður, Hólmavík, Patreksfjörður og Bíldudalur hluti af „meginkerfi“ landsins en ekki hliðarvegir út frá aðalæð. Auk þess sem stuttar vegalengdir eru á aðra þéttbýlisstaði á Vestfjörðum út frá aðalæð. Þetta styrkir rök fyrir fjárfestingu í fjarskiptum, raforkuöryggi og neyðarviðbrögðum.
- **Atvinnuöryggi:** Betra aðgengi auðveldar flutning á vörum og myndi gera fyrirtækjum auðveldara fyrir að fjárfesta þegar samgönguáhætta minnkar.
- **Dreifing ferðamanna:** Nafnið „Hringvegur 2“ (eða *Ringroad 2*) væri sterkt vörumerki sem hvetur ferðamenn til að taka sérstaka hringferð um svæðið í stað þess að halda sig eingöngu við Hringveg 1.

4.1.2 Samgönguöryggi og þjónusta

- **Skýrari forgangs röðun:** Skilgreiningin getur kallað á samræmdan staðal fyrir alla leiðina (t.d. lágmarksbreidd, fækkun einbreiðra brúa) og skýrari forgangs röðun á nýframkvæmdir og viðhaldsframkvæmdir.
- **Merkingar:** Einfaldara fyrir ökumenn að fylgja einu númeri um allt svæðið, sem minnkar hættu á að fólk villist eða lendi á ófærum hliðarvegum.
- **Vetrarþjónusta:** Vegagerðin bendir á með vísan til vinnureglna um vetrarþjónustu að númerabreyting eigi ekki sjálfkrafa að breyta þjónustustigi.

4.2 Greining á áskorunum

4.2.1 Beinn kostnaður og tæknileg atriði

- **Merkingar:** Áætlaður kostnaður við að breyta vegvísum og vegnúmerum er um 60-80 milljónir króna kr. skv. upplýsingum Vegagerðarinnar.

- **Uppfærslur kerfa:** Breyta þarf öllum stafrænum leiðsögukerfum (Google Maps, Tom Tom, Garmin o.fl.), auk þess sem prentuð kort og vegahandbækur úreldast.
- **Tölfræðilegur ruglingur:** Eldri gögn um umferðartölur og slysátíðni munu vísa í númer sem ekki eru lengur til, sem getur valdið ruglingi í úrvinnslu tölfræðigagna og stjórnsýslu byggða á þeim gögnum, en sú staða kom upp á Austurlandi þegar Hringvegurinn var færður niður á firðina.

4.2.2 Skipulagslegar áskoranir

- **Væntingar og raunveruleiki:** Hætta er á að nafnið „Hringvegur 2“ skapi væntingar um betra ástand og gæði vega en raun ber vitni.
- **Smitáhrif:** Mögulegt er að aðrir landshlutar myndu krefjast sambærilegrar merkingu fyrir ferðamannaleiðir sínar (t.d. Snæfellsneshringur, Suðurnes).
- **Útskýfun annarra leiða:** Sumir þéttbýlisstaðir sem lenda ekki á „hringnum“ gætu upplifað sig afskekktu eða misst af fjárfestingum sem sogast að aðalæðinni.

4.3 Sjónarmið

- **Vegagerðin:** Bendir á að númerabreyting ein og sér breyti ekki forgangs röðun viðhalds eða vetrarþjónustu. Vegur 61 (Djúpvegur um Þróskulda) og kafla frá Flókalundi að Bíldudalsvegi á Dynjandisheiði (vegur 60) myndu þurfa nýtt númer ef hann yrði ekki hluti af Hringvegi 2. Einnig er bent á að miðað við vegnúmerakerfið ætti númerið frekar að vera 6.
- **Vestfjarðastofa:** Hefur þegar markaðssett „Vestfjarðaleiðina“ (*The Westfjords Way*). Á fundum tengdum ferðaþjónustu hafa komið fram skoðanir um að „Hringvegur 2“ sé ekki eins sterkt heiti til markaðssetningar og það vísi ekki beint til landshlutans. Þessar skoðanir varða meira ferðaleiðina og nafn hennar en vegmerkingar.
- **Almenningur og íbúar:** Margir fagna hugmyndinni sem „byggðastefnu í verki“. Lítið er á þetta sem skýra yfirlýsingu um mikilvægi svæðisins og leið til að „setja Vestfirði á kortið“. Sumir vilja að gengið sé alla leið og að leiðin um Vestfirði verði hluti af Hringvegi 1.
- **Vegir 60 og 61 hluti af Hringveginum:** Í samtölum varðandi kosti og galla Hringvegar 2 hafa komið fram þær skoðanir að hreinlegra og eðlilegra væri að Hringvegur 1 lægi um Vestfirði. Þar myndi þá vera skýr, hagnýt meginhringleið fyrir samgöngur og þannig auðvelt að skilgreina hvaða vegur er „meginæð“ á Vestfjörðum.
- **Samevrópska vegakerfið:** Núverandi Vestfjarðavegur frá Hringvegi að Djúpvegi og Djúpvegur frá Vestfjarðavegi að Hafnarvegi á Ísafirði tilheyrir samevrópska vegakerfinu (TEN-T). Breytingar á vegnúmerum á þessari leið breyta engu varðandi skilgreiningu á samevrópska vegakerfinu á Íslandi. Það mun verða óbreytt ef ákveðið verður að breyta vegnúmerum á leiðinni.

4.4 Valkostir

Með hliðsjón af framangreindu eru dregnir fram tveir valkostir:

- **Stóri hringurinn (valkostur A):** Nær yfir vegi 60, 61, 62, 63 og 68. Þessi leið tengir Ísafjörð, Patreksfjörð, Bíldudal og Hólmavík við þessa leið.
- **Minni hringurinn (valkostur B):** Nær yfir vegi 60 og 61. Þetta er styttri og beinni tenging milli Ísafjarðar, Hólmavíkur og Vesturlands og er nær því að þjóna sem tenging líkt og þjóðvegur 1 (Hringvegurinn). Í stað þess að fara í að merkja leiðina sem Hringveg 2 gæti verið leið að vegur 60 og 61 yrðu merktir sem Hringvegur 1. Þar með er ekki gerð meginbreyting á vegnúmerakerfinu en þó sú breyting að Hringvegurinn nái til allra landshluta.

4.5 Samanburður valkosta

	Valkostur A: Hringvegur 2 – stór hringur (60, 62, 63, 61, 68)	Valkostur B: Hringvegur 1 – minni hringur (60, 61)
Umfang	Fleiri byggðir og firðir eru við Hringveg 2. Vegir 63 og 68 eru enn að verulegu leyti malarvegir með takmarkaðri vetrarþjónustu.	Vegir sem hafa fengið mikið fjármagn á undanförunum árum til uppbyggingar. Sambærileg aðalæð og tenging við þéttbýli eins og Hringvegurinn er við svæði annarra landshluta svo sem Snæfellsnes, Tröllaskaga og Norðausturhorn landsins.
Markaðssetning	Mætti hugsa sem valkost við Hringveg 1 í markaðssetningu. Vörumerkið „Vestfjarðaleiðin“ er þó sterkara en Hringvegur 2 fyrir Vestfirði. Það vörumerki er ótvírætt virðisauki fyrir Ísland í sölu þar sem ferðasalar leita stöðugt að „einhverju nýju“.	Ekki ætlað beint til markaðssetningar heldur sem samgönguleið hefur þó ótvíræða kosti til einföldunar fyrir ferðamenn. Ásýnd svæðisins betri við að tengjast beint öðrum svæðum landsins í gegnum vegnúmerakerfi.
Innviðþörf	Mikil endurbyggingar þörf á köflum sem nú eru án slitlags (einkum 63 og 68). Vegur 63 er inni í tillögu að samgönguáætlun 2026-2040 en þar er ekki gert ráð fyrir að framkvæmdum ljúki fyrr en eftir 7-10 ár. Vegur 62 þarfnast endurnýjunar til lengri tíma litið. Hringvegur 2 gæti skapað væntingar um betri vegi og færð en raunin er.	Vegur sem er með bundnu slitlagi (eða verður innan tveggja ára). Þörf á viðhaldi á köflum sambærileg við kafla víða á Hringvegi 1. Stofnvegir til þéttbýlisstaða á Vestfjörðum hafa sama vægi, varðandi vetrarþjónustu og viðhald, og tengingar við þéttbýlisstaði í öðrum landshlutum.

Ávinningur	Vestfirðir verða sterkari og sýnilegri „vara“ í ferðaþjónustu. Jafnari dreifing ferðafólks og tekna. Tengir fleiri þéttbýlisstaði við aðalæð.	Greiðari og öruggari samgöngur fyrir íbúa og atvinnulíf. Einfaldari og styttri „meginhringur“ auðveldara fyrir kort og leiðarlýsingar. Skýrt að Hringvegur 1 er aðalæð og aðrar leiðir greinast út frá honum. Beinasta tengingin milli helstu þéttbýlisstaða – líkara Hringvegi 1 þar sem t.d. staðir eins og Stykkishólmur, Ólafsvík, Sauðárkrókur, Siglufjörður, Húsavík og fleiri eru ekki við Hringveg 1. Hugarfarslegur og ásýndarlegur ávinningur fyrir íbúa Vestfjarða og landsmenn alla. Vestfirðir fá þá jafna stöðu við aðra landshluta.
Samgönguöryggi	Hringvegur 2 sem samfelld leið gerir það auðveldara að senda viðvaranir, t.d. út af lokunum og slæmum köflum.	Öll leiðin verður með bundnu slitlagi 2027. Leiðin er tilbúin til að vera hluti af meginakerfi landsins.

5. Niðurstaða og tillaga


Niðurstaða hópsins er að skilgreining Hringvegur 2 gæti orðið öflugt markaðstæki fyrir Vestfirði, jafnað búsetuskilyrði og stuðlað að auknum ferðamannastraumi. Það er þó ljóst að nafnabreyting ein og sér væri ekki nægjanleg. Slíkri breytingu þyrfti að fylgja tímasettar innviðaúrbætur sem ekki eru á áætlun. Ef Hringvegur 2 yrði eingöngu breyting á vegskiltum án aukins fjármagns til viðhalds, öryggisúrbóta og þjónustu, er hættu á að misræmi milli væntinga og raunveruleika myndi leiða til óánægju.

Reglur um vetrarþjónustu gilda um vegi á Vestfjörðum líkt og annars staðar á landinu. Það eitt að breyta vegnúmerinu mun því ekki eitt og sér hvorki hafa áhrif á forgangsörðun vetrarþjónustu né breyta fyrirliggjandi áformum um viðhald og nýframkvæmdir. Starfshópurinn telur því ólíklegt að þær umbætur sem nauðsynlegar væru til að Hringvegur 2 gæti gegnt því hlutverki sem honum er ætlað, verði að veruleika á næstu árum.

Á undanförunum árum hefur verið ráðist í umtalsverða innviðauppbyggingu á vegum 60 og 61. Sú uppbygging þarf að skila sér í bættri þjónustu, viðhaldi og vetrarþjónustu, þó svo að breyting á vegnúmeri hafi ekki þar áhrif. Aukin þjónusta á vegunum myndi að líkindum leiða til aukinnar umferðar og aukins virðisauka. Slík þróun samræmist þeim lykilviðfangsefnum sem fram koma í nýrri samgönguáætlun sem nú liggur fyrir Alþingi.

5.1 Tillaga starfshópsins

Með hliðsjón af framangreindu er það niðurstaða starfshópsins að ekki verði ráðist í að skilgreina vegi 60, 61, 62, 63 og 68 sem Hringveg 2. Þess í stað verði horft til þess að vegir 60 og 61 verði skilgreindir sem hluti af Hringvegi 1, aðalþjóðveginum sem tengir landshluta.



Áætlaður kostnaður við að breyta vegvísum og vegnúmerum vegna slíkra breytinga er metinn á um 50-70 milljónir kr.

Helstu rökin eru að núverandi vegnúmerakerfi er frá árinu 1972 og endurspeglar þáverandi ástand vegakerfis á Vestfjörðum sem þótti á þeim tíma eðlilegt að ekki væri hluti af þjóðvegi 1, Hringveginum. Aðstæður hafa breyst verulega síðan og vegir 60 og 61 eru nú sambærilegir að gæðum og aðrir hlutar Hringvegar 1. Í ljósi þess að Hringvegur 1 er meginsamgönguæð landsins og tengir saman landshluta er eðlilegt og málefnalegt að þessir vegir verði hluti af honum. Það gæti jafnframt haft áhrif á samkeppnisstöðu og ásýnd Vestfjarða og samræmast markmiðum bæði samgönguáætlunar og byggðaáætlunar.

